

Ed.

132. Frumvarp til laga

[68. mál]

um breyting á lögum nr. 34 1946, um fræðslu barna.

Flm.: Karl Kristjánsson, Björn Jónsson.

1. gr.

Aftan við fyrri málsgrein 16. gr. laganna bætist nýr málslíður, svo hljóðandi: Þó má skipa próflausa kennara, þegar þeir hafa starfað sem ráðnir eða settir kennarar í 10 ár eða lengur, ef hlutaðeigandi skólanefnd, námsstjóri og fræðslumálastjóri mæla með því.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fyrsti flm. þessa frv. flutti á þinginu 1955—1956 frv. um sama efni og þetta er. Því frv. var vísað til ríkisstjórnarinnar. Ekkert hefur af því frétt síðan. Telja flutningsmenn þess vegna rétt að bera málið fram á Alþingi á ný, þar sem að þeirra áliti er hér um réttlætismál að ræða.

Í greinargerð með frumvarpinu 1955—56 segir m. a.:

„Eins og kunnugt er, hefur jafnan verið vöntun á mönnum, sem tekið hafa kennarapróf, til þess að gegna störfum við barnaskólana víðs vegar um land. Úr-ræðin hafa orðið þau að fá til starfanna einhverja hæfa menn, þótt ekki hefðu þeir kennarapróf. Menn þessir hafa auðvitað aðeins verið ráðnir eða settir kennarar „til bráðabirgða“ og orðið að víkja, hvaða ár sem maður með kennaraprófi leitaði eftir starfinu.

Að sjálfsgöðu hafa verið — og eru — mest brögð að því, að menn með próf-réttindum fáist ekki í afskekktustu skólhverfi landsins eða þangað, sem réttinda-mönnum þykir óalitlegast einhverra hluta vegna að taka sér bólfestu til frambúðar.

Fæstir hinna próflausu kennara festast í kennarastarfinu, þótt þeir hlaupi í skörðin á tímabili og leysi með því vandræði. Hins vegar gera fáeinir kennsluna að lífsstarfi, ef hún lætur þeim vel og svo háttar, að enginn kennari með réttindum gefur sig fram í það sæti, er þeir skipa. Hvarvetna verða þeir samkvæmt gildandi lögum að víkja fyrir mönnum, er kennarapróf hafa tekið, ef slíkir menn gefa kost á sér, og þá hvorki spurt um reynslu né hæfileika.“

Í greinargerðinni segir enn fremur, að 82 próflausir barnakennarar séu að starfi skólaárið 1955—56. En samkvæmt upplýsingum fræðslumálaskrifstofunnar voru þeir orðnir 101 skólaárið 1957—58. Hefur þeim þannig fjölgað um 19 á tveim árum. Er því síður en svo, að úr því dragi, að leita þurfi til próflausra, til þess að hægt sé að fullnægja fræðsluskyldu barna. Þar þyngir til muna á.

Kennarar þessir hafa að vísu full laun, en þeir hafa ekki atvinnuréttindi. Verða þeir þar af leiðandi að rýma sæti, ef prófréttindamaður gefur sig fram. Kennara-menntun staðfest með prófi að loknu námi er vitanlega mikilsverð og æskileg. En kennarahæfni eftir 10 ára reynslu í starfi, staðfest af skólanefnd, námsstjóra og fræðslumálastjóra, vegur líka mikið. Hver vill telja minna öryggi í henni fyrir nemendurna?

Hins vegar er óþolandi öryggisleysi fyrir þann, sem af alúð hefur helgað sig kennslustörfum lengi og náð góðum árangri, að eiga yfir höfði sér að hrekjast frá þeim störfum, ef einhver, sem prófi hefur náð, gerir kröfu til að fá þau.

Þjóðfélagið er í þakkarskuld við þá menn, sem hlaupið hafa í skörðin, þar sem menn með kennaraprófi hefur vantað, til þess að fræðsluskyldu yrði fullnægt. Flutningsmenn telja, að ekki megi minna vera en þjóðfélagið veiti þessum mönnum full kennararéttindi, þegar þeir hafa verið áratug eða meira í þessari þjónustu og staðið svo vel í stöðunni, að æskilegt þykir, að þeir geri hana að lífsstarfi.

Í frumvarpinu 1955—56 var miðað við 15 ár sem lágmarksþjónustualdur, en við athugun telja flutningsmenn nú sanngjarnara að lækka aldurstakmarkið og miða við 10 ára þjónustu.

Eftir upplýsingum fræðslumálaskrifstofunnar voru af 101 kennara próflausum, sem í starfi voru skólaárið 1957—58, aðeins 34, sem höfðu verið ráðnir eða settir kennarar 10 ár eða lengur, en 19 í 15 ár eða lengur.

Allir kennarar barnaskólanna það ár voru 760 talsins.

Ósamræmi er milli núgildandi laga um fræðslu barna og laga um gagnfræðanám. Engin heimild er í hinum fyrrnefndu — svo sem áður er sagt — til að skipa mann í kennarastöðu, nema hann hafi lokið kennaraprófi. Í lögnum um gagnfræðanám segir aftur á móti: „Nú sækir enginn, sem fullnægir þessum skilyrðum“ (þ. e. um próf m. a.) „um lausa kennarastöðu, skal þá skólanefnd og fræðslumála-stjórn leitast við að fá til hæfan mann, og má að tveim árum liðnum gera hann að föstum kennara, enda komi meðmæli hlutaðeigandi skólastjóra til.“ (Lög nr. 48 1946, 37. gr.)

Hér eru ólíkt minni kröfur gerðar, og þó ætti ekki að vera minni lærdómsvandi lagður á herðar kennara við gagnfræðaskóla en barnaskóla.

Varla getur nokkur maður talið of langt gengið með því, sem frumv. þetta leggur til, að skipa próflausa barnakennara í embættið eftir 10 ára reynslu í starfinu, ef skólanefnd, námsstjóri og fræðslumálastjóri mæla með því, úr því að heimilt er að gera kennara við gagnfræðaskóla fastan kennara eftir tveggja ára starf, sem hann hefur verið ráðinn til, án þess að hann hafi fullnægt ákvæðum um próf, ef skóla-stjóri mælir með skipun hans.

Stéttarsamtök kennara virtust vera hlutdræg, ef þau að þessu athuguðu mæltu gegn þessu frumvarpi, sem er í átt til samræmingar, — og vilja flutningsmenn ekki gera ráð fyrir því, að þau geri það.